SVH

AGNIÐ

Fréttabréf SVH des 2011 4. tbl. 18. árg.

Meðal efnis:

Afmælið
• *Upplýsingar á bls: 3*
Afmælið
• *Stiklað á stóru síðustu ár*
Kleifarvatn
• *Alltaf er til efni um Kleifarvatn*
Hlíðarvatn
• *Hreinsunarhelgin í Hlíðarvatni*
Uppskriftin
• *Jú jú - hún er á vísum stað*

Takið
Eintak

Uppskriftin

Lime lax, það má einnig nota vænan silung
(uppskrift fengin á www.vinotek.is)

Hráefni marinering:
1 lime
3 hvítlauksgeirar
1 rauður chili
1 msk akasíuhunang
1 msk ólívuolía
salt og pipar

Einn lax u.þ.b. 2 til 2,5 kg skorinn í sneiðar
1 lime

Aðferð:
- Rífið börkinn af lime-ávextinum og pressið safann.
- Pressið hvítlaukinn.
- Hreinsið innan úr chilibelginum og saxið hann fínt.
- Blandið öllu saman í skál og marinerið laxasneiðar í klukkustund.

Grillið í 3-5 mínútur á hvorri hlið eða þar til fiskurinn hefur náð þeirri eldun sem þið sækist eftir.

Skerið niður lime í þunnar sneiðar, dýfið aðeins upp úr marineringunni og grillið með fiskinum.

Meðlæti að eigin ósk.

Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum

FK

FJARÐARKAUP

Verslun Veiðimannsins

60 ára Afmælisveisla sunnudaginn 11. des. 2011

Í tilefni 60 ára afmælis Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar verður opið hús með veglegu afmæliskaffi sunnudaginn 11. des. n.k. milli 14:00 og 17:00 í félagsheimilinu að Flatahrauni 29. Allir hjartanlega velkomnir og sérstaklega hvetjum við eldri félaga til að koma.

Veiðikortið
37 vötn
Eitt kort
6.000 kr.
www.veidikortid.is

Frábær jólagjöf!
FLEIRI VÖTN - ÓBREYTT VERÐ

ÁSAFL EHF
Hjallahrauni 2 - 220 Hafnarfirði
Sími: 562-3833 - Gsm: 863-5512
asafl@asafl.is - www.asafl.is

Sigurður Bergsson – Minning



Mig langar til að minnast Sigurðar Bergssonar fyrrum formanns SVH í nokkrum orðum. Sigurður sat í stjórn Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar frá 1977 – 1992, sem meðstjórnandi 1977 – 1986 og sem formaður félagsins 1987 – 1992.
Sigurður var afkastamikill formaður sem lét verkin tala og dreif áfram félagsstarfið. Hann gerði m.a. Kleifarvatn aftur að eftirsóttu og vinsælu veiðisvæði sem skilaði félaginu ómældum tekjum um árabil og efldi fjárhaginn þannig að ráðist var í að kaupa og standsetja nýtt félagsheimili að Flatahrauni 29, verkefni sem var mjög stórt á mælikvarða lítils áhugamannafélags en félagið býr nú að og margir líta öfundaraugum. Mín kynni af Sigurði voru þau að hann réð mig sem nýlega útskrifaðan innanhússarkitekt til að veita ráðgjöf við nýja félagsheimilið, ég fann strax að þar fór ákveðinn maður með sterkar skoðanir á hlutunum, en hlustaði jafnframt á aðra og þeirra sjónarmið. Í framhaldi af þessu samstarfi gekk ég í félagið og seinna i stjórn þess. Ekki er hægt að minnast á Sigurð í þessu samhengi öðruvísi en að nefna eiginkonu hans Soffíu, því þegar kom að því að taka ákvarðanir um liti og efni og fleira í þeim dúr, þá lét hann það í hennar hendur að vinna með mér og greinilegt að á milli þeirra var góð samvinna byggð á trausti og væntumþykju, en það eru einmitt einkenni góðs stjórnanda að þekkja mörk sín og velja þá frekar trausta samstarfsmenn til að leysa verkefnin..,

það eina sem hann lagði áherslu á var að góður hornsófi fengi sinn stað í rýminu og þar átti okkar maður hornsætið, bara flottur!
En Sigurður Bergsson var líka góður veiðifélagi og veiðimaður, áhugasamur, þolinmóður og bar mikla virðingu fyrir landi og bráð, allt kostir sem prýða góða veiðimenn. Í seinni tíð áttum við reglulega spjall þegar kom að úthlutun veiðileyfa en þá hringdi hann gjarnan og bað bara um einhverja lausa daga í Hlíðarvatni á þokkalegum tíma og reyndum við að sjálfsögðu að verða við því. Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar stendur í þakkarskuld við Sigurð Bergsson um ókomna tíð og fyrir hönd stjórnar vil ég votta eftirlifandi eiginkonu hans Soffíu Stefánsdóttur og börnum þeirra samhug okkar við fráfall Sigurðar, minning hans lifir.

Hans Unnþór Ólason form. SVH

SVH vill þakka sérstaklega eftirtöldum aðilum fyrir veittan stuðning við afmælisveisluna

OKKAR BAKARÍ
Iðnbúð | 210 Garðabæ | Sími 5658070

Kjörís

Jón Arilius
KÖKULIST

Kleinur Bakarí (H.S Kleinur)

SVH 60 ára – upphafið

Á þessum tímamótum er ekki úr vegi að rifja upp tilurð félagsins.
Þann 29. nóvember 1951 var haldinn undirbúningsfundur að stofnun Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar og eiginlegur stofnfundur var svo haldinn í Alþýðuhúsinu þann 6. desember 1951. Megin ástæða þessa var sú að eins og fram kom í fundarboði ***„stöðugt þrengir að veiðimöguleikum fyrir stangaveiðimenn"***
Fyrsta stjórn Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar var þannig skipuð:
Alexander Guðjónsson formaður
Steingrímur Bjarnason varaformaður
Kristinn Ólafsson ritari
Sigurgeir Guðmundsson gjaldkeri
Þorsteinn Auðunnsson fjármálaritari

Meðstjórnendur voru þeir Eggert Ísaksson, Ingi Kristjánsson og Þorsteinn Einarsson.

STÁL~ORKA
SKIPAVIÐGERÐIR
HVALEYRARBRAUT 37 220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 565-0399 GSM 892-7687

SVH 60 ára – stiklað á stóru s.l. 10 ár

Hér á eftir verður litið um öxl og reynt að rifja upp ýmislegt markvert í sögunni s.l. 10 ár eða frá þeim tíma sem sögunni voru gerð góð skil í 50 ára afmælisriti félagsins.

2002; uSVH, unglingastarf félagsins sett á laggirnar.

Byrjað var að selja óseld veiðileyfi að lokinni úthlutun til félagsmanna á internetinu, í samstarfi við agn.is sem þá var nýstofnaður veiðivefur.
Eldhúsið að Flatahrauni stækkað og betrumbætt.
Sett var ný og stærri rotþró við veiðihúsið í Hlíðarvatni.
Veiðisvæði í boði: Hlíðarvatn, Djúpavatn, Kleifarvatn, Vatnsdalsvatn á Barðaströnd, Húseyjarkvísl og Andakílsá

2003; Hafinn var undirbúningur að verkefninu „komum Kleifarvatni á Kortið" og vegurinn að Hrossabrekkum (Vatnshlíð) við norðurenda vatnsins lagfærður. Gerður 10 ára samningur við Stakkavík um veiði í Hlíðarvatni.
Veiðisvæði í boði: Hlíðarvatn, Djúpavatn, Kleifarvatn, Jónskvísl/ Sýrlækur og Grenlækur sv. 4 (Fitjaflóð)

2004; Merki félagsins uppfært, nýtt merki gert eftir hugmynd Sigurðar Karlssonar stjórnarmanns.

Gerður var 10 ára samningur við Hafnarfjarðarbæ um veiðiréttindi í Kleifarvatni. Áframhaldandi lagfæringar og viðhald vega við Kleifarvatn. Hafist handa við gerð útigrills við veiðihúsið í HLíð.
Form. SVH sest í stjórn Landssambands stangaveiðifélaga og SVH verður virkur þáttakandi þar að nýju.
Veiðisvæði í boði: Hlíðarvatn, Djúpavatn, Kleifarvatn, Jónskvísl/Sýrlækur, Gíslastaðir í Hvítá og Stóru Ármót (Sogið/Hvítá)

SVH 60 ára – stiklað á stóru s.l. 10 ár

2005; Ritstjóraskipti á Agninu, Kristján Guðmannson stofnandi og ritstjóri lætur af störfum, Agnið fær nýjan ritstjóra og nýtt útlit.
Unnið að viðhaldi í félagsheimilinu og snyrtingar lagfærðar og flísalagðar.
Verkefnið „komum Kleifarvatni á kortið" hefst formlega með samstarfi við Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs um uppgræðslu á svæðinu, við Náttúrustofu Reykjaness og Náttúrufræðistofu Kópavogs um vöktun og rannsóknir, og við Jóhannes Sturlaugsson um ráðgjöf við fiskrækt í Kleifarvatni. Fiskræktarsjóður styrkir verkefnið. Útigrill við Hlíðarvatn klárað, líklega fyrsta og eina útigrill á landinu sem steypt er í flekamótum og með byggingarkrana af stærstu gerð!

Veiðisvæði í boði: Hlíðarvatn, Djúpavatn, Kleifarvatn, Jónskvísl/ Sýrlækur, Gíslastaðir í Hvítá
2006; 55. afmælisár félagsins.
Prentaður kynningarbæklingur fyrir félagið og haldinn kynningarfundur meðal bæjarbúa.
Haldin 1. sameiginlega árshátíð stjórnar og nefnda félagsins, við góðar undirtektir.
Stórfelldar vegaframkvæmdir við Kleifarvatn, vegurinn að sunnan og austanverðu lagfærður. Hafnarfjarðarbær styrkir verkefnið í tilefni afmælisins.
8500 urriðaseiðum af Þingvallastofni sleppt í Kleifarvatn, um 3000 þeirra örmerkt.
Gerður 3ja ára samningur við Veiðikortið um Kleifarvatn frá og með 2007. Ný fánastöng reist í Hlíð. Útigrill við Djúpvatn reist. Samstarf við önnur aðildarfélög L.S. aukið markvisst.

Haldinn veiðimarkaður í fjáröflunarskyni, veiði- og útivistarvörur seldar, verkefnið var stutt af Olís / Ellingsen, góður hagnaður var af verkefninu.
Veiðisvæði í boði: Hlíðarvatn, Djúpavatn, Kleifarvatn.

SVH 60 ára – stiklað á stóru s.l. 10 ár

2007; Keyptir nýjir stólar í félagsheimili og hátíðarfáni félagsins, hvorttveggja fyrir hagnað af veiðimarkaði 2006.
Hafist handa við að undirbúa veiðileyfasöluvef í sameign aðildarfélaga L.S.
Tekið þátt í sýningunni Veiði 2007, félagið og veiðisvæði þess kynnt.
Djúpavatni breytt í kvikmyndaver, byggð leikmynd við veiðihúsið og kvikmyndin Duggholufólkið tekin upp að hluta, félagið fékk greitt fyrir afnotin og fékk að eiga efnið úr leikmyndinni. 1500 urriðaseiðum af Þingvallastofni sleppt í Kleifarvatn. Byggð stakkageymsla (Bíslag) við Hlíðarvatn.

Veiðisvæði í boði; Hlíðarvatn, Djúpavatn, Kleifarvatn, Núpá á Snæfelssnesi, Jónskvísl/ Sýrlækur, Grenlækur sv 4, Kaldakvísl, Staðarhóls- og Hvolsá, Vatnsdalsá í Hún. - silungasvæði, Reykjadalsá Þing. Eldvatn á Brunasandi, Andakílsá silungasv.

2008; Leyfi.is veiðileyfasöluvefur í sameign Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar, Ármanna og Stangaveiðifélags Selfoss fer í loftið eftir mikla undirbúningsvinnu, 6 ára samstarfi við agn.is slitið. Falast eftir (gerð tilboð í) 2 veiðisvæðum í straumvatni, án árangurs.
Áframhaldandi vegavinna við Kleifarvatn og urriðaseiðum af Veiðivatnastofni sleppt. Sett upp leiktæki fyrir börn í Djúpavatni og svæðið í kringum útigrillið þar hellulagt.

Veiðisvæði í boði; Hlíðarvatn, Djúpavatn, Kleifarvatn, Andakílsá silungasv. Grenlækur sv. 4, Hróarslækur og Affall, Reykjadalsá Þing. Steinsmýrarvötn.

SVH 60 ára – stiklað á stóru s.l. 10 ár

2009; SVH og reyndar fleiri félög ganga úr Landssambandi stangaveiðifélaga vegna mikillar óánægju með samstarf við SVFR.
Áframhaldandi vegavinna og viðhaldi í Kleifarvatni og 3000 seiðum af Veiðivatnastofni sleppt í vatnið, um 1/3 hluti þeirra örmerkt. Sívaxandi aðsókn í vatnið sem gaf góða veiði þetta árið, ekki síst um vorið. Falast eftir veiðiréttindum í Urriðakotsvatni án árangurs.

Byggt var bíslag (stakkageymsla) í Djúpavatni og sett upp ný eldhúsinnrétting auk þess sem gólf var endurnýjað að hluta og nýtt gólfefni sett á um helming.
Veiðisvæði í boði; Hlíðarvatn, Djúpavatn, Kleifarvatn, Andakílsá silungasv. Fáskrúð í Dölum, Laxá í Leirársveit, Reykjadalsá í Þing., Eldvatn í Meðallandi, Vatnsdalsá í Hún. Sjóbirtingsv.

2010; Gerður 5 ára samningur við Sjávarútvegs-og landbúnaðarráðuneytið um afnot af Djúpavatni. Haldinn vel sóttur almennur félagsfundur í 1. skipti árum saman, stefnumótun félagsins rædd. Gert var tilboð í veiðiréttindi í Krossá á Skarðsströnd í samvinnu við Stangaveiðifélag Akraness, vorum langt frá því að fá. Ný heimasíða fer í loftið.
Seiðum af Veiðivatnastofni sleppt í Kleifarvatn.
Veiðisvæði í boði; Hlíðarvatn, Djúpavatn, Kleifarvatn, Andakílsá silungasv. Hrolleifsdalsá í Skagafirði, Reykjadalsá í Borgarfirði, Fossálar, Geirlandsá, Víkurá.
2011; Ekki fer sögum af miklum framkvæmdum þetta árið enda hart í ári fjárhagslega. Öllu þó haldið í horfinu.
Veiðisvæði í boði; Hlíðarvatn, Djúpavatn, Kleifarvatn, Andakílsá silungasv. Hrolleifsdalsá í Skagafirði, Reykjadalsá í Borgarfirði, Fossálar, Geirlandsá.

SVH 60 ára – stiklað á stóru s.l. 10 ár

Þótt hér sé aðeins stiklað á stóru og af miklu handahófi er vert að minnast á öll þau handtök sem fjölmargar nefndir félagsins inna af hendi á hverju ári og sjaldan eru nefnd og verða seint fullþökkuð.
Nefndir á vegum félagsins fyrir utan stjórn eru:
Fræðslu- og skemmtinefnd
Húsnefnd Flatahrauns
Hliðarvatnsnefnd
Djúpavatnsnefnd
Kleifarvatnsnefnd
Fiskræktarnefnd
Ritnefndir Agnsins og heimasíðu
Kastnefndir
og loks uSVH - unglingastarf.

Sjá má af upptalningunni að mikið og óeigingjarnt starf er lagt af mörkum fyrir félagið.
Þá er ekki síður athyglivert við samantekt þessa að sjá má að félagið hefur s.l. 10 ár boðið uppá a.m.k. 20 veiðisvæði af öllum stærðum og gerðum í samstarfi við ýmsa góða aðila, auk þeirra svæða sem félagið hefur á sinni könnu!

Samantekið HUÓ.

Myndir frá Djúpavatni (þessar eru frá Vilborgu Reynisdóttur):
Vinstri: Uppsetning leiktækja
Hægri: Þessar hafa ábyggilega nýtt sér leiktækin

Kleifarvatn

Óhætt er að fullyrða að sú vinna sem lögð hefur verið í Kleifarvatn á undanförnum árum er heldur betur farin að skila sér.
Þar hefur veiðimönnum fjölgað ár frá ári, ekki síst með samstarfinu við Veiðikortið, þar hefur veiði aukist jafnt og þétt, bæði urriði og bleikja. Síðast en ekki síst er ánægjulegt að tekjur félagsins af vatninu hafa nær tífaldast á nokkrum árum, þótt ekki sé um stórar tölur að ræða.
Enn og aftur hefur vatnsyfirborðið lækkað gríðarlega og var það í haust á svipuðu róli og eftir stóru jarðskjálftana 2000 og 2001, en skyldi okkar góða félaga Högna Sigurðssyni hafa rennt í grun um að hann yrði bænheyrður jafnrækilega og raun ber vitni þegar hann orti eftirfarandi eftir að vatnið lækkaði í fyrra sinnið;

Mikið væri hann Guð nú góður,
og gerast meiri andans hróður.
-ef hann tæmdi,
-og allan flæmdi,
fiskinn burt í fjandans móður.

Setti svo tappa í tuðrugatið breiða,
tæki þá að hækka upp til heiða,
-í nýju vatni,
-nytsemd batni,
Með betri fisk sem borgaði sig að veiða.

TREFJAR EHF
Óseyrarbraut 29 • 220 Hafnarfjörður

Hlíðarvatn "hreinsun"

Hreinunarhelgin við Hlíðarvatn var óvenju snemma nú í ár, um miðjan apríl.
Bæði voru það Páskar sem settu "strik í reikninginn", svo var 1. maí á sunnudegi, þannig að helgin 16. til 17. apríl varð fyrir valinu.
Ekki var farið í neinar stórframkvæmdir. Stöðluð hreinsun var að sjálfsögðu, svo var dyttað að ýmsu smávægilegu og húsið gert klárt fyrir komandi veiðisumar.
Að endingu gæddu gestir sér á gómsætri kjötsúpu.
Nokkrar myndir fá að fljóta með frá þessari helgi.

Efsta myndin:
Það var kannski ekki alveg "sumarhiti" og blíða um hreinsunarhelgina, hitastigið hefur oft verið hærra.

Miðju myndin:
Kjötsúpan var vel þegin að vanda um helgina..

Neðsta myndin:
Það er alltaf vel mætt hjá okkur þessa helgi, félagar láta veðrið ekkert flækjast fyrir sér.

Hlíðarvatn "hreinsun"

Eins og kom fram í samantektinni frá HUÓ um nefndir, þá er starfrækt ein nefnd, Hlíðarvatnsnefnd. Þessi nefnd sér um framkvæmdir, rekstur og fl. tengt Hlíðarvatni. Í þeirri nefnd eru þessir hér að neðan (ásamt fleirum). Þessar myndir voru teknar af ritstjóra Agnsins með þokkalegri aðdráttalinsu án þeirra vitundar. Eins og sjá má var ekki sérstaklega hlýlegt þessa helgi nú um miðjan apríl s.l., en þessir standa sig ávallt frábærlega þegar kemur að framkvæmdum og hreinsun.
Efri mynd til vinstri: Vignir B. Árnason
Efri til hægri: Hermann Sigurðsson
Neðsta myndin: Tómas Högni Sigurðsson

SVH leyfi.is

Þessi síða er laus fyrir auglýsingar
Upplýsingar fást hjá stjorn@svh.is

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan.
Upplýsingar veita: Sigríður s: 5653602 eða 8923037 og
Vilborg: 8643989 (boggare@simnet.is)